

Dagskrá Gleðidags Verzlunarskólans

31. janúar 2018


Kæru Verslingar! Þá er komið að hinum árlega Gleðidegi sem er pakkaður af gleði, fræðslu og forvörnum. Dagurinn hefur skapað sér sess sem fyrirmyndar upptaktur að Nemó. Í boði eru margir spennandi viðburðir, sumt hefur komið við sögu áður, en annað er nýtt. Nemendur velja sér þá viðburði sem þeir vilja vera með í og kennarar kvitta á miðana í lok hvers viðburðar. Almennt fer hver viðburður tvisvar fram, annars vegar 9:30 og hins vegar 10:30, nema annað sé tekið sérstaklega fram. Njótið dagsins, og svo Nemódaganna og hafið gleðina í fyrirrúmi.



Njótum kynlífs

Þrautreyndir líffræðikennarar við skólann, Vala og Þórhalla, fjalla í þessum fyrirlestri um kynheilbrigði og kynlíf. Líffræðileg uppbygging kynfæra og virkni þeirra. Kynsjúkdómar og getnaðarvarnir. Hvaða getnaðarvarnir eru í boði fyrir ykkur í dag? Hvernig er hægt að auka líkur á góðu kynlífi? Hefur klám áhrif á væntingar og kröfur?

Blái salur
9:30



Förðun og meiköpp

Alexander er 22 ára förðunarfræðingur og kennari í Makeup School, freelance makeup artist og förðunarbloggeri á femme.is. Hann sýnir okkur nýjustu trendin í meiköppi og förðun.




Rauði salur
9:30 og 10:30



Ensk ræðukeppni

Keppendur flytja fimm mínútna ræðu á ensku. Þema keppinnar að þessu sinn er „The best way to predict the future is to invent it.“. Ræðurnar eru metnar eftir rökstuðningi, flutningi, áreiðanleika og svörum við spurningum. Þessi ræðukeppni hér í Versló er forkeppni fyrir landskeppnina sem er haldin í H.R. í febrúar og Bogi Ágústsson verður kynnir eins og venjulega. Sigurvegari í þeirri keppni mun keppa í alheimskeppninni í London.

Græni salur
9:30

	<p>Fab lab í Verzló</p> <p>Nemendur fá að kynnast stuttlega forritinu Incscape ásamt því að vinna í framhaldi lítið verkefni í víníl- eða laserskera. Dæmi um verkefni gæti verið nafn eða stutt setning skorin út í vínilskera. Nafnspjald eða platti með útskornu/fræstu nafni eða setningu á þykkan pappa eða plexigler í laserskera.</p> <p>Aðeins 10 nemendur komast að í þessa vinnustofu og sem stendur frá 9:30 – 11:30. Áhugasamir eru beðnir um að skrá sig hjá Sóleyju námsráðgjafa á netfangið soley@verslo.is. Fyrstir koma fyrstir fá.</p> <p>Kennari: Hlín Ólafsdóttir</p>	<p>Stofa 1</p> <p>9:30</p>
	<p>Frá fíkti - yfir í fíkn - yfir í dauða</p> <p>Ég heiti Ragna Pétursdóttir og er hjúkrunarfræðingur. Ég starfa á fíknigeðdeild Landspítalans (á Hringbraut) og við símaráðgjöf á Læknavaktinni í Kópavogi. Ég hef unnið mikið með fólki með fíknivanda í gegnum tíðina t.d. á sjúkrahúsinu Vogu, Slysa- og bráðadeildinni í Fossvogi og í Hlaðgerðarkoti. Mér eru þessi mál hugleikin og hef mikinn áhuga á alls kyns nálgunum hvað þessa hluti varðar. Á sl. árum hef ég haldið fyrirlestra nokkuð víða t.d. fyrir starfsfólk á Slysó, á A7 sem er smitsjúkdómadeild LSH, fyrir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn og einnig fyrir nemendur í framhaldskólanum á Akranesi. Það er mér mikill heiður að vera beðin um að koma í Verslógamla, yndislega skólann "minn" :) Hlakka til að sjá ykkur !</p>	<p>Blái salur</p> <p>10:30</p>
	<p>Ármann og trommurnar</p> <p>Trommuhringur undir stjórn Ármanns Halldórssonar þar sem bumbur eru barðar, hristur eru hristar og bjöllum klingi - frábær leið til að fá útrás fyrir sköpunargleðina og upplifa glænýtt tónverk sem verður aldrei til aftur!</p>	<p>SÍF 3.hæð</p> <p>9:30 og 10:30</p>

	<p>3. árs nemar í sjúkraþjálfun við HÍ Sjúkraþjálfunarnemar frá Háskóla Íslands koma og flytja fyrirlestur um hreyfingu. Einnig verður boðið upp á stutta kynningu um nám í sjúkraþjálfun. Fjallað verður um gagnsemi hreyfingar og skaðleg áhrif kyrrsetu, með áherslu á kyrrsetu unglinga og barna með auknum skjátíma. Markmiðið með kynningunni er að vekja nemendur til umhugsunar um eigin hegðun og hvaða áhrif hún hefur á heilsuna.</p> <p>Fyrirlesarar: Kári og Leifur</p>	<p>Stofa 206 9:30 og 10:30</p>
	<p>Ha, HÚN? Konur sem drepa.</p> <p>Kvenkynsfjöldamorðingjar og hugmyndir um kvenleika.</p> <p>Fyrirlesari : Halldóra kennari</p>	<p>Stofa 205 9:30</p>
	<p>Stranger Things og hugmyndaheimur 9. áratugarins.</p> <p>Tengsl sjónvarpsheimsins við Stephen King og fleiri táknmyndir 9. áratugarins.</p> <p>Fyrirlesari: Halldóra kennari</p>	<p>Stofa 205 10:30</p>
	<p>Vilt þú kynna þér læknisfræðinám í Ungverjalandi?</p> <p>Félag íslenskra læknanema í Ungverjalandi kynna læknánám í Ungverjalandi. Hvernig er umsóknarferlið? Hvernig á að flytja út? Hvernig er lífið í Ungverjalandi? En námið? Félagslífið? LÍN? Þú færð svörin við þessum spurningum einmitt á þessum viðburði</p>	<p>Stofa 204 9:30 og 10:30</p>



Saga fótoltans

Valur sem hefur verið viðloðandi knattspyrnu og boltamál frá fæðingu fjallar hér um þróun knattspyrnunnar og hvernig hún hefur breyst með tímanum. Farið verður í þróun og breytingu á keppnum eins og HM, Meistaradeildarinnar og Ensku úrvalsdeildarinnar. Þá verður einnig farið í það hvernig leikkerfi í leiknum hafa breyst með tímanum og það hvernig peningar eru að breyta leiknum.

Stofa 202

9:30 og 10:30



MUNDO

Kynning:

Viltu læra nýtt tungumál á met tíma, kynnast öðruvísi menningu, eignast nýja vini og prófa eitthvað nýtt? MUNDO býður upp á skiptinám og sumarbúðir fyrir alla þá sem vilja upplifa eitthvað ógleymanlegt. Sumarbúðir Mundo eru tilvalið tækifæri fyrir alla þá sem vilja skemmtilegt sumar. Þú ferð á spænskunámskeið, býrð hjá spænskri fjölskyldu í þrjár vikur, eignast bæði íslenska og spænska vini og færð að sjá stærstu borgir Spánar, fallegustu strandirnar og merkustu söfnin. Skiptinám er tilvalið fyrir þá sem vilja stíga út fyrir þægindarammann, eignast heimili í öðru landi, verða reiprennandi í nýju tungumáli og nýta árið sem þeir græða á þriggja ára menntaskólakerfi. Þú getur farið til Bandaríkjanna, Spánar eða Þýskalands og breytt lífi þínu í leiðinni.

Hvort sem þú ert búinn að gera upp hug þinn eða ekki þá færðu svar við öllum spurningum og vangaveltum á Gleði- og forvarnardögum í Verzló.

Stofa 201

9:30 og 10:30



Fjöltefli

Skákrefirnir Eiríkur og Stefán úr kennaraliðinu tefla fjöltefli við 15-20 nemendur í einu á Marmaranum. Þorir þú?

Marmarinn

9:30 og 10:30

	<p>Tíu uppáhalds listaverk</p> <p>Í þessum fyrirlestri mun Hallur listasögukennari kynna til sögunnar tíu einstök verk sem allir eiga að reyna að sjá með eigin augum. Fjallað verður um verkin, söguna bak við þau og listina almennt.</p>	<p>Stofa 306 9:30 og 10:30</p>
	<p>Viltu skynja og skapa?</p> <p>Í Listaháskólanum eru 13 námsbrautir á bakkalárstigi (BA-próf). Í þessari kynningu segja verkefnstjórar skólans frá hverri deild fyrir sig og áherslum námsins. Í lok kynningar gefst tækifæri fyrir spurningar. Hvetjum alla áhugasama umsækjendur til þess að mæta.</p>	<p>Stofa 305 9:30 og 10:30</p>
	<p>Hvað er að vera bóndi?</p> <p>Bjarni frá Samtökum ungra bænda fer yfir helstu greinar og störf innan íslensks landbúnaðar og hvert hlutverk Samtaka ungra bænda er í félagskerfi bænda.</p>	<p>Stofa 304 9:30 og 10:30</p>
	<p>KVAN</p> <p>Sigraðu lífið eftir Versló</p> <p>Sandra Björg Helgadóttir er Verzlingur í húð og hár, hún útskrifaðist 2010. Hún tók þátt í Nemó fyrsta árið sitt en fór svo að starfa sem dansari samhliða náminu. Eftir útskrift fór hún í verkfræði í HÍ og eftir það að vinna hjá Ölgerðinni sem vörumerkjastjóri Pepsi. Sandra hefur lagt mikla áherslu á markmiðasetningu til að ná þeim árangri sem hún hefur náð ásamt því að styrkja sjálfstraustið með ýmsum aðferðum sem hún mun deila með Verzlingum.</p>	<p>Stofa 302 9:30 og 10:30</p>

	<p>Friends: má ég hlæja að þessu?</p> <p>Við getum öll verið sammála um að Friends eru hrikalega fyndnir þættir. Og já, það má gera grín að öllu! Þó er margt látið flakka í þessum þáttum sem í dag myndi teljast afar vafasamt. Spjöllum um vini okkar í Friends og hlæjum <u>með</u> og <u>að</u> þeim.</p> <p>Fyrirlesari: Katrín kennari</p>	<p>Stofa 301 9:30 og 10:30</p>
	<p>Yoga</p> <p>Jóga í litla íþróttasalnum kl. 9:30 og 10:30. Í byrjun verður farið í öndunaræfingar síðan í nokkrar sólarhyllingar-nokkrar jógastöður-slökun.</p> <p>Það komast 24 að í hvorn tíma.</p> <p>Kennari: Ingveldur</p>	<p>Litli íþróttasalur 9:30 og 10:30</p>
	<p>Leikir í íþróttasal</p> <p>Örn íþróttakennari verður með allskonar leiki í íþróttasalnum.</p>	<p>Íþróttasalur 9:30 og 10:30</p>
	<p>Núvitund</p> <p>Er athygli þín vakandi? Nærðu að lesa skilaboð líkamans? Ertu í tengslum við það sem er að gerast hjá þér? Er hugurinn á fleygiferð út um allt þótt þú sitjir hér?</p> <p>Hér muntu fá tækifæri til þess að skoða hvort þú náir að lifa í núinu og læra æfingar sem hreinsa hugann og tengja þig stað og stund.</p> <p>Kennari: Kristín Norland</p>	<p>Stofa 102 9:30 og 10:30</p>